

# Fangelsismálastofnun

## Ársreikningur 2012

Fangelsismálastofnun  
Borgartún 7  
Reykjavík  
400189-2029

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun ríkisendurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnsýslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði ráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 49/2005. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun sjái um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, sér um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og heldur utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar.

Á árinu 2012 var 15,9 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 79,8 m.kr., skuldir 28,9 m.kr. og eigið fé um 50,9 m.kr. í árslok 2012.

Forstjóri og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, júní 2013

Páll Egill Winkel,  
forstjóri.



Jakob Magnússon,  
fjármálastjóri.



## Áritun ríkisendurskoðanda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir.
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Fangelsismálarstofnunar á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 28. júní 2013



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2012

		Skýr.	2012	2011
<b>Tekjur</b>				
Sértekjur .....	1	<u>106.981.053</u>	<u>112.740.486</u>	
		<u>106.981.053</u>	<u>112.740.486</u>	
<b>Gjöld</b>				
Vörukaup .....		70.681.847	65.304.202	
Launagjöld og starfsmannakostnaður .....	2	984.394.079	949.699.896	
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	3	18.927.652	16.857.286	
Funda- og ferðakostnaður .....	4	14.213.770	18.118.082	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	5	39.989.469	31.309.964	
Rekstur tækja og áhalda .....	6	10.369.011	10.429.884	
Annar rekstrarkostnaður .....	7	188.615.896	190.936.279	
Húsnaðiskostnaður .....	8	89.967.748	91.187.839	
Bifreiðarekstur .....	9	<u>10.042.215</u>	<u>10.621.637</u>	
		<u>1.427.201.687</u>	<u>1.384.465.069</u>	
Eignakaup .....	10	<u>11.487.878</u>	<u>26.305.716</u>	
		<u>1.438.689.565</u>	<u>1.410.770.785</u>	
<b>Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur</b>		<b>(1.331.708.512)</b>	<b>( 1.298.030.299)</b>	
<b>Fjármunatekjur</b> .....	11	<b><u>170.215</u></b>	<b><u>140.456</u></b>	
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag</b>		<b>(1.331.538.297)</b>	<b>( 1.297.889.843)</b>	
<b>Ríkisframlag</b> .....		<b><u>1.315.600.000</u></b>	<b><u>1.229.900.000</u></b>	
<b>(Tekjuhalli) ársins</b>		<b><u>( 15.938.297)</u></b>	<b><u>( 67.989.843)</u></b>	

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	24.127.077	42.001.937	
Ríkissjóður .....	13 35.147.097	32.012.899	
Viðskiptakröfur .....	8.084.556	5.995.482	
Handbært fé .....	12 12.414.027	16.148.617	
	<b>Veltufjármunir</b>	<b>79.772.757</b>	<b>96.158.935</b>
<b>Eignir alls</b>		<b>79.772.757</b>	<b>96.158.935</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<b>Höfuðstóll:</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	55.208.603	123.198.446	
(Tekjuhalli) ársins .....	( 15.938.297)	( 67.989.843)	
	<b>Höfuðstóll</b>	<b>39.270.306</b>	<b>55.208.603</b>
<b>Annað eigið fé</b>			
Framlag til eignamyndunar .....	11.576.348	11.576.348	
	<b>Annað eigið fé</b>	<b>11.576.348</b>	<b>11.576.348</b>
	<b>Eigið fé 14</b>	<b>50.846.654</b>	<b>66.784.951</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	28.926.103	29.373.984	
	<b>Skuldir</b>	<b>28.926.103</b>	<b>29.373.984</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>79.772.757</b>	<b>96.158.935</b>

## Sjóðstreymi árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
(Tekjuhalli) ársins.....	( 15.938.297)	( 67.989.843)	
	<i>Veltufé frá rekstri</i>	<u>( 15.938.297)</u>	<u>( 67.989.843)</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir lækkun/(hækkun).....	17.874.860	( 13.709.728)	
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	( 2.089.074)	3.308.631	
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	( 447.881)	( 8.380.356)	
	<u>15.337.905</u>	<u>( 18.781.453)</u>	
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>( 600.392)</b>	<b>( 86.771.296)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	( 1.315.600.000)	( 1.229.900.000)	
Greitt úr ríkissjóði.....	1.312.465.802	1.320.322.251	
	<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b><u>( 3.134.198)</u></b>	<b><u>90.422.251</u></b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	( 3.734.590)	3.650.955	
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	<b><u>16.148.617</u></b>	<b><u>12.497.662</u></b>	
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<b><u>12.414.027</u></b>	<b><u>16.148.617</u></b>	

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögnum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langstíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatt.

#### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

#### Starfsþáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

#### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

#### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

#### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 1.298,0 m.kr. Fjárheimild ársins hækkaði á árinu um 17,6 m.kr. við millifærslu milli fjárlagaliða vegna flutnings á fangavistun frá Birtu að Sogni.

Rekstrargjöld ársins 2012, að frádregnum sértekjum námu samtals 1.331,5 m.kr. sem er 15,9 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur .....	( 85.000 )	( 85.000 )	( 107.620 )	22.620
Laun og launatengd gjöld .....	896.400	896.400	984.394	( 87.994 )
Önnur rekstrargjöld .....	451.700	469.300	441.168	28.132
Tilfærslur .....	<u>18.200</u>	<u>18.200</u>	<u>2.108</u>	<u>16.092</u>
	<u>1.281.300</u>	<u>1.298.900</u>	<u>1.320.050</u>	<u>( 21.150 )</u>
Stofnkostnaður .....	<u>16.700</u>	<u>16.700</u>	<u>11.488</u>	<u>5.212</u>
	<u>1.298.000</u>	<u>1.315.600</u>	<u>1.331.538</u>	<u>( 15.938 )</u>

### Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur ársins 2012 sundurliðaður eftir sviðum:

	Þús. kr.	Hlutfall %
Yfirstjórn Fangelsismálastofnunar .....	193.333	13,4%
Fangelsi höfuðborgarsvæðisins .....	255.912	17,8%
Fangelsið Litla-Hrauni .....	662.146	46,0%
Bitra .....	140.898	9,8%
Fangelsið Kvíabryggju .....	104.551	7,3%
Fangelsið Akureyri .....	61.817	4,3%
Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira .....	20.499	1,4%
	<u>1.439.158</u>	<u>100,0%</u>

## Skýringar

### Sundurliðanir

#### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar lækkuðu um 5,1 m.kr. milli ára eða 4,5%. Lækkun sértekna skýrist að stærstum hluta af færri og minni verkefnum í Fangelsinu á Kvábryggju. Beitningarþjónusta á Kvábryggju fyrir smábáta dróst mjög mikið saman á milli ára og er ástæðan brotthvarf smábáta af svæðinu. Þá lækkuðu tekjur hjá fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu nokkuð og helgast það að stærstum hluta vegna skipulagsbreytinga þvottahússins í fangelsinu í Kópavogi.

	2012	2011
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu .....	8.673.129	9.862.718
Litla-Hraun .....	92.860.540	90.308.244
Kvábryggja .....	2.371.157	8.106.109
Aðrar tekjur .....	3.714.767	4.463.415
	<hr/> <u>107.619.593</u>	<hr/> <u>112.740.486</u>

#### 2. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 34,7 m.kr. eða 3,7% frá fyrra ári en að teknu tilliti til fækkunar ársverka var 2,7% lækkun á launakostnaði. Ársverk voru 130 á árinu en 134 á árinu 2011. Hækken launaútgjalda helgast að stærstum hluta vegna 3,5% kjarasamningsbundinna launahækkana í mars 2012 sem og vegna samningsbundinna brekálagsgreiðslna til fangavarða sem var byrjað að greiða í júní 2012. Þá voru ýmis önnur viðbótaútgjöld sem féllu til s.s. vegna aukinnar yfirvinna á Litla Hrauni sem helgaðist aftur af meiri gæslu á öryggisgangi. Að lokum þá voru veikindi og yfirvinna í fangelsinu að Bitru talsvert meiri en áætlánir gerðu ráð fyrir. Aukin yfirvinna á Bitru var að miklu leyti vegna flutninga fangelsisins að Sogni. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna .....	499.198.758	487.993.005
Yfirvinna .....	175.087.252	159.197.259
Vaktaálag .....	95.427.809	93.262.381
Aukagreiðslur .....	21.901.254	17.708.102
Launatengd gjöld .....	188.879.245	187.729.707
Starfsmannakostnaður .....	3.899.761	3.809.442
	<hr/> <u>984.394.079</u>	<hr/> <u>949.699.896</u>

## Skýringar

### 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 2,1 m.kr. á milli ára eða 12,3%. Aukin útgjöld á skrifstofu- og stjórnunarkostnað skýrist að stærstum hluta vegna hækkunar á gjaldskrá Ríkislöggreglustjóra á notendaleyfum hugbúnaðar. Þá eru breytingar á almennu verðlagi að hafa nokkur áhrif.

	2012	2011
Símagjöld .....	4.871.723	4.789.594
Útgáfustarfsemi og afnotagjöld .....	8.131.388	6.288.232
Burðargjöld .....	1.400.155	1.466.231
Tímarit, blöð og bækur .....	1.446.327	1.476.791
Skrifstofuvörur .....	2.999.982	2.341.949
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	78.077	494.489
	18.927.652	16.857.286

### 4. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður lækkaði um 3,9 m.kr. á milli ára eða 21,5%. Lækkun á funda og ferðakostnaði skiptist í meginatriðum í þrennt þ.e. í fyrsta lagi kostnað vegna dagpeningagreiðslna til Fangavarða á Akureyri sem sóttu Fangavarðarskólan 2011 en skólinn var ekki haldinn 2012, í öðru lagi vegna ráðstefnu (norðræns samstarfs í fangelsismálum) sem Norðurlöndin skiptast á að halda og var haldinn á árinu 2011 á Íslandi, í þriðja lagi lækkaði aksturskostnaður starfsmanna á Bitru/Sogni nokkuð sem og annar aksturskostnaður.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	1.954.431	3.468.722
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	3.025.675	3.093.738
Fundir, ráðstefnur og námskeið .....	408.879	672.312
Akstur .....	8.459.119	9.568.640
Annar funda- og ferðakostnaður .....	365.666	1.314.670
	14.213.770	18.118.082

### 5. Aðkeypt sérfræðibjónusta

Aðkeypt sérfræðibjónusta hækkaði um 8,7 m.kr. á milli ára eða 25,8%. Hækkun á framangreindri þjónustu skýrist að stærstum hluta vegna samnings og þjónustu vegna rafræns eftirlits með föngum, uppfærslu og uppbyggingar, breytinga og aðlögunar á hugbúnaði (FMS kerfi) fullnustukerfis fangelsismálastofnunar sem og vegna breytinga á fangakerfi stofnunarinnar ásamt ýmsum öðrum lagfæringum og uppfærslum á tölvu- og símkerfum hjá stofnuninni.

Vistun fanga utan fangelsa .....	19.481.109	19.431.234
Tölvu- og kerfisfræðibjónusta .....	6.513.229	3.096.548
Rannsóknarstofuþjónusta .....	2.644.002	4.286.184
Öryggisgæsla .....	8.067.766	1.863.944
Önnur sérfræðibjónusta .....	3.283.363	2.632.054
	39.989.469	31.309.964

## Skýringar

### 6. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður við rekstur tækja og áhalda var nánast sá sami á milli ára.

	2012	2011
Smátæki og áhöld .....	5.506.565	5.957.519
Viðgerðir og viðhald .....	2.509.040	3.126.859
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.475.795	467.401
Uppsetning á netbúnaði .....	56.972	33.989
Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda .....	820.639	844.116
	<u>10.369.011</u>	<u>10.429.884</u>

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 2,3 m.kr. á milli ára eða 1,2%. Lækkun rekstrarkostnaðar helgast að nokku leyti af færri fangadögum 2012 en 2011 og á móti þeirri lækkun er útgjaldahækkun gjaldskrár hjá Ríkislöggreglustjóra vegna sameiginlegrar tölvuþjónustu sem og aukin útgjöld vegna flutnings fangelsisins á Bitru að Sogni.

Máltíðir .....	58.098.785	59.633.787
Matvæli .....	39.112.616	36.380.479
Rekstrarvörur .....	11.900.790	12.908.253
Vinnufatnaður og fatafé .....	9.686.417	9.415.987
Greiðslur til fanga .....	54.179.531	58.525.882
Tilfærslur .....	2.108.125	2.930.735
Sameiginleg þjónusta .....	5.862.900	3.686.408
Véla- og tækjaleiga .....	3.332.017	2.665.372
Annar kostnaður .....	4.334.715	4.789.376
	<u>188.615.896</u>	<u>190.936.279</u>

### 8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður lækkaði um 1,2 m.kr. eða 1,4% á milli ára. Lækkunina má rekja að mestu til breytinga og endurbóta á fjárhúsum á Kvábryggju 2011 sem var að mestu lokið 2012.

Leigugjöld .....	23.749.019	23.032.626
Orka .....	18.610.014	18.856.123
Viðhald fasteigna og innréttningar .....	20.964.383	22.341.106
Fasteignagjöld .....	13.370.667	13.005.909
Þrif og sorphirða .....	7.476.242	7.252.777
Annar húsnæðiskostnaður .....	5.797.423	6.699.298
	<u>89.967.748</u>	<u>91.187.839</u>

## Skýringar

### 9. Bifreiðarekstur

Kostnaður við rekstur bifreiða lækkaði um 0,5 m.kr. milli ára eða um 5,5%. Lækkun skýrist að stærstum hluta af lægri viðgerðarkostnaði bíla og vinnuvéla.

	2012	2011
Bensín og olía .....	5.567.348	5.321.946
Opinber gjöld og tryggingar .....	1.484.572	1.601.827
Viðgerðir og viðhald .....	2.325.260	2.378.565
Annar bifreiðakostnaður .....	665.035	1.319.299
	<hr/> <u>10.042.215</u>	<hr/> <u>10.621.637</u>

### 10. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 14,8 m.kr. á milli ára eða 56,3%. Helsta ástæða hærri útgjálda 2011 er af kaupum og uppsetningu á nýju hljóðkerfi, endurnýjun á líkamsræktartækjum á Litla Hrauni, kaupum á notaðri rafstöð fyrir fangelsið að Bitru og endurnýjun á ýmsum eldhústækum fyrir Litla Hraun og Bitru.

Tölvubúnaður .....	1.772.314	2.631.976
Húsgögn .....	2.906.817	2.182.383
Endurbætur og ýmis eignakaup .....	3.017.958	12.331.107
Önnur tæki og búnaður .....	3.690.789	8.310.250
	<hr/> <u>11.487.878</u>	<hr/> <u>26.305.716</u>

### 11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur .....	638.540	543.012
Vaxtagjöld .....	( 340.868)	( 296.240)
Fjármagnstekjuskattur .....	( 127.457)	( 106.316)
	<hr/> <u>170.215</u>	<hr/> <u>140.456</u>

### Annað

### 12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

Sjóður .....	534.817	276.782
Bankainnstæður .....	11.879.210	15.871.835
	<hr/> <u>12.414.027</u>	<hr/> <u>16.148.617</u>

## Skýringar

### 13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2012 nam inneign stofnunarinnar við ríkissjóð 35,2 m.kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því versnað um 3,1 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar .....	32.012.899
Greiðslur .....	(1.360.400.588)
Millifærslur .....	47.934.786
Ríkisframlag .....	1.315.600.000
Staða 31. desember	<u>35.147.097</u>

### 14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2012 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 39,3 m.kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11,6 m.kr. þannig að í heild nemur eigið fé 50,8 m.kr.

#### Höfuðstóll:

Höfuðstóll 1. janúar 2012 .....	55.208.603
Tekjuhalli ársins .....	( 15.938.297)
Höfuðstóll 31. desember	<u>39.270.306</u>

#### Annað eigið fé:

Framlag til eignamyndunar 1. janúar 2012 .....	11.576.348
Annað eigið fé 31. desember 2012 .....	<u>11.576.348</u>
Eigið fé alls	<u>50.846.654</u>

### Kennitölur

#### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	107.151	112.880	108.505	114.689	109.625
Rekstrargjöld .....	( 1.427.202)	( 1.384.465)	( 1.295.513)	( 1.184.897)	( 1.204.160)
Eignakaup .....	( 11.488)	( 26.306)	( 42.037)	( 25.543)	( 16.275)
Tekjuafgangur .....	( 1.331.539)	( 1.297.891)	( 1.229.045)	( 1.095.751)	( 1.110.810)
Ríkisframlag .....	1.315.600	1.229.900	1.282.900	1.141.200	1.060.400
Tekjuafgangur ársins	<u>( 15.939)</u>	<u>( 67.991)</u>	<u>53.855</u>	<u>45.449</u>	<u>( 50.410)</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	79.773	96.159	172.529	115.563	61.583
Egnir alls	<u>79.773</u>	<u>96.159</u>	<u>172.529</u>	<u>115.563</u>	<u>61.583</u>
Höfuðstóll .....	50.846	66.784	134.774	80.918	35.469
Skammtímaskuldir .....	28.926	29.374	37.754	34.645	26.114
Eigið fé og skuldir alls	<u>79.772</u>	<u>96.158</u>	<u>172.528</u>	<u>115.563</u>	<u>61.583</u>